

**Ed.**

**445. Frumvarp**

til laga um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað embætta bæjarfógeta og núverandi lögreglustjóra í Reykjavík komi þessi embætti: Lögmannsembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Undir lögmann komi þessi störf: Dómsmál önnur en sakamál og almenn lögreglumál. Skiftamál, fúgetagerðir, uppboð, þinglýsingar, nótarialgerðir, yfirfjárráð ólögráðra, borgaraleg hjónavigsla, hjónaskilnaðarmál, dómkvaðning manna og skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta. Afgreiðsla leyfisbrjefa til að sitja í óskiftu húi. Kosningar til Alþingis.

3. gr.

Lögreglustjóri hefir á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabrjef, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarrússins í Reykjavík. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan rjettar, afgreiðslu leyfisbrjefa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóta, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, hlunninda og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík.

4. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæslu, aðalinnheimtu á sköttum og tollum til rikissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, svo og innheimtu annara gjalda, sem lögreglustjóri hefir innheimt hingað til og ekki eru falin lögreglustjóra samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar annars, hvernig skift skuli milli lögreglustjóra og tollstjóra störfum þeim, er fylgt hafa núverandi lögreglustjóraembætti og ekki eru sjerstaklega talin í 3. og 4. gr., og hver störf skuli falla undir embætti lögreglustjóra af þeim, sem hnigið hafa undir núverandi bæjarfógetaembætti, en eigi eru nefnd í 2. og 3. gr.

6. gr.

Verslunarstaðurinn að Skildinganesi við Skerjafjörð heyrir að öllu leyti undir umdæmi Reykjavíkur um tollgæslu og lögreglustjórn.

7. gr.

Um framkvæmd tollgæslu, hve margir skuli tollverðir og um skil á innheimtum gjöldum skipar fjármálaráðherra fyrir með reglugerð, svo og um innheimtulaun af uppboðsandvirði.

8. gr.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 kr., en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 9000 kr.

Kostnaðurinn við rekstur þessara embætta greiðist úr landssjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, skulu renna í rikissjóð. Alt það fje, sem

embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxtast til hagnaðar fyrir eigendur þess.

9. gr.

Rjett eiga umræddir embættismenn til að fá sjer skipaða fulltrúa til að framkvæma sjerstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

10. gr.

Lög nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um sjerstaka tollgæslu í Reykjavíkurborg, eru úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Frá sama tíma eru bæjarfógetaembættið og núverandi lögreglustjóraembætti í Reykjavík lögð niður.